Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
26. júní 2020
[signature]
f.h. Byggingarfulltrúi

## SKRÁNINGARTAFLA:

**Skráningartafla:** Mástunga Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Íbúðarhús **Skrásetjari:** Sigurður U. Sigurðsson
**Landnúmer:** L230104 **Kennitala:** 290772-4279
**Matshlutanúmer:** 01 Útgáfa: 4.01b **Dags.:** 21.5.2020

| Uppskipting og lýsing | | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 166.2 | 52.6 | 3.4 | 3.4 | 215.4 | 11.3 | | | 771.0 | 178.8 | 204.1 | | 632.892 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 33.3 | | | | |
| | 01 | **1 hæð** | | | 166.2 | 52.6 | 3.4 | 3.4 | 215.4 | 11.3 | | | 737.7 | 178.8 | 204.1 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 119.9 | | 3.4 | | 119.9 | | 2.90 | 6.78 | 546.9 | 102.2 | 119.9 | 4.56 | 466.032 |
| A | 0102 | **Bílageymsla** | N | 0101 | 46.3 | | | | 46.3 | | 2.90 | 5.34 | 190.8 | 40.5 | 46.3 | 4.12 | 166.860 |
| A | 0103 | **Svefnloft** | N | 0101 | | 52.6 | | 3.4 | 49.2 | 11.3 | 1.21 | 3.98 | | 36.1 | 37.9 | | |

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúð** | 204.1 | 632.892 | 632.892 |
| | **Alls** | 204.1 | 632.892 | 632.892 |




AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500

## BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða nýtt íbúðarhús og sambyggða bílageymslu í Mástungu Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða burstabæ með svefnlofti yfir miðjuburst.

| | |
|---|---|
| Matshluti | 01 |
| Landnúmer | L230104 |
| Staðgreinir | |
| Íbúð | 119.9 m² |
| Svefnloft | 36.1 m² |
| Bílageymsla | 46.3 m² |
| Birt flatarmál | 204.1 m² |
| Rúmmál | 771.0 m³ |

**LÓÐ OG SKIPULAG:** Mástunga er 7152 m² Íbúðarhúsalóð úr landi Stóru- Mástungu 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Eftir byggingu hússins verður nýtingarhlutfall lóðarinnar 0.03. Aðkoma er af Mástunguvegi. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina. Grenndarkynning hefur farið fram.

**UNDIRSTÖÐUR** og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu.

**BURÐARVIÐIR** hússins eru úr timbri. Útveggjagrindur eru C22 45/145. Þak er byggt upp úr sperrum C22 45/245 með ásetu á útveggjum og mænisbitum úr límtré. Milligólf jafnframt byggt úr timbri.

**EINANGRUN**: Útveggir: 150 mm steinull í grind, þak 220 mm steinull. Undir gólfplötu 100mm polystyren. Utan á sökklum 25mm steinull (kuldabrú slitin). U-gildi húss skv. meðfylgjandi töflu.

Kólnunartölur (W/m$^2$ K)

| | Krafa | Reiknað |
|---|---|---|
| Gólf | < 0.30 | 0.24 |
| Þak | < 0.20 | 0.17 |
| Útveggir | < 0.30 | 0.25 |
| Vegið meðaltal útveggja | < 0.85 | 0.52 |

**LOFTRÆSTING KLÆÐNINGA OG ÞÉTTLEIKI:** Útloftun þaks verður meiri en 1000 mm²/m² þaks, útfært með loftbili ofan við og þvert á sperrur. Útveggjaklæðningar verða loftræstar með 35mm loftbili innan við ystu klæðningu. Rakasperra komi innan við einangrun í þaki og á útveggjum. Þéttleiki rakasperru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar (13.5.1).

**UTANHÚSS KLÆÐNINGAR:** Veggir verða klæddir með litaðri báraðri málmklæðningu. Þak verður klætt með bárujárni á lektum ofan á brenndan asfalt- eða samlímdan öndunardúk sem undirstuddur er með gisklæddum borðum.

**GLUGGAR og HURÐAR** verða úr timbri með tvöföldu einangrunargleri. Í gólfsíðum gleropum (H4) verður öryggisgler.

**INNANHÚS KLÆÐNINGAR OG LÉTTIR VEGGIR:** Klæðningar bílageymslu verða í flokki 1, úr gifsi eða sementsbundnum spónaplötum. Aðrar klæðningar ekki lakari en í flokki 2 úr gifsi/krossvið/panel á timbur/blikkgrind.

**BRUNAVARNIR:** Veggur sem aðskilur bílageymslu frá íbúð verður með ekki lakari brunamótstöðu en REI60. Hurð á milli íbúðar og bílageymslu opnast inn á salerni og verður EI30 CS.

Úr bílageymslu er flóttaleið um hurð að íbúð sem verður opnanleg frá bílageymslu. Bílskúrshurð er 9.0 m² og nýtist sem flóttaleið og til reyklosunar.
Í íbúð eru fimm hurðar út auk björgunarops á svefnherbergi. Af svefnlofti eru flóttaleiðir um björgunarop á báðum göflum auk stiga að neðri hæð. Á suðvesturgafli er farið út á þak bislags þar sem komið verður fyrir skrikvörn. Á norðausturgafli verður komið fyrir fellistiga.

Staðsetning handslökkvitækja og reykskynjara kemur fram á grunnmynd. Reykskynjarar alls hússins verða samtengdir.

**VOTRÝMI:** Gólf votrýma verða lögð vatnsheldum hálkufríum efnum og halla að öryggisniðurföllum.

**LOFTRÆSTING** er náttúruleg. Opnanleg fög eru á öllum rýmum.

**INNTÖK** fyrir neysluvatn og hitaveitu eru staðsett í bílageymslu.

**UPPHITUN** verður með gólfhitakerfi tengdu hitaveitu.

**NEYSLUVATN** verður lagt í eða undir steypta plötu með PEX-lögnum í hlífðarkápu að töppunarstað. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstað sé minni en 65 C°.

**FRÁRENNSLI:** Skolplagnir tengjast rotþró. Lágmarksstærð 3000 lítrar. Staðsetning skv. afstöðumynd. Þak- og jarðvatn tengist siturlögnum eða svelg. Frágangur rotþrór og siturlagna verður skv. reglugerð 797/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (4.útg nóv. 2003).

**RAFLAGNIR** eru huldar bak við klæðningu veggja og lofts. Rafmagnstafla er staðsett í bílageymslu.

**ELDSTÓ** (kamína) verður til staðar. Gengið verður frá henni skv. leiðbeiningum MVS nr 192.BR1 um eldstæði og reykháfa. Hæð reykrörs frá þaki verður lóðrétt >0.8 m og lárétt >3.0 m.

**SORP** er afsett í tunnur, flokkað skv. fyrirmælum sveitarfélagsins og aðgengilegt sorpbílum. Möguleg staðsetning er sýnd á afstöðumynd.

**BÍLASTÆÐI** eru tvö við íbúðarhúsið. Gert verður ráð fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla.




KORTMYND
Ekki í kvarða

BREYTINGAR:
**B1** 15.08.2020: Hús fært um breidd sína til suðvesturs. Gluggum og hurðum breytt. Staðsetning hreinlætistækja á salerni og í þvottahúsi

HÖNNUÐUR Sig U. Sig

HÖNNUNARSTJÓRI Sig U. Sig

MÁSTUNGA L230104
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI
ÍBÚÐARHÚS

20202899

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR
BYGGINGARLÝSING - SKRÁNINGARTAFLA
OG AFSTÖÐUMYND

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS / VMÁ DAGS: 21.5.20 Mkv: 1:500 Á A1 TEIKN. NR: A02-B1